

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 4. júní 2026.

Mál nr. 294/2025:

Bergþóra Snæbjörnsdóttir,
Christa Hlín Lehmann,
Daníel Þór Bjarnason,
Elía Hörpu Önundarson,
Lea María Lemarquis,
Nerea Enriquez Santos,
Pétur Eggerz Pétursson,
Qussay Odeh og
Steinunn Lukka Sigurðardóttir
(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Oddur Ástráðsson lögmaður, 2. prófmál)
gegn
íslenska ríkinu
(Sonja H. Berndsen lögmaður)

Lykilorð

Allsherjarregla. Lögregla. Meðalhóf. Miskabætur.

Útdráttur

Félagið Ísland-Paestína boðaði til mótmæla við húsnæði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins þar sem ríkisstjórnin kom saman til fundar þann 31. maí 2024. Lögreglan var með nokkurn viðbúnað á svæðinu en erfiðlega gekk að koma ráðherrum að fundarstað þar sem mótmælendur reyndu að hindra för ráðherrabíla. Þegar ríkisstjórnarfundur lauk var enn nokkur fjöldi mótmælenda á staðnum og reyndu nokkrir þeirra að hindra för ráðherrabíls með því að leggjast í götuna eða standa í vegi fyrir honum. Í kjölfar þess að tekist hafði að koma fyrsta ráðherrabilnum fram hjá hópnum beitti lögregla úðavopni gagnvart mótmælendum, en von var á fleiri ráðherrabilum. Deilt var um hvort notkun úðavopna hafi verið nauðsynleg eða hvort eðlilegra hefði verið að grípa til vægari úrræða. Einnig var deilt um aðra valdbeitingu lögreglu. Áfrýjendur kröfðust miskabóta vegna aðgerða lögreglu en þau höfðu öll fengið piparúða í andlit í mismiklu magni. Með dómi héraðsdóms var ekki fallist á það með áfrýjendum að lögregla hefði gengið fram með ólögætum hætti og stefndi sýknaður af kröfum þeirra. Landsréttur staðfesti dóminn.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Hervör Þorvaldsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 15. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2025 í málinu nr. E-3902/2024.
- 2 Áfrýjendur krefjast þess að stefnda verði gert að greiða þeim, hverju um sig, 800.000 krónur í miskabætur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. júní 2024 til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Landsrétti en til vara að hann verði látinn niður falla.

Málsatvik og málsástæður

- 4 Félagið Ísland-Palestína boðaði 29. maí 2024 til mótmæla við húsnæði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í Skuggasundi í Reykjavík að morgni föstudagsins 31. sama mánaðar. Í tilkynningu félagsins um mótmælin kom fram að þau hæfust klukkan 8.30 og að ríkisstjórnin kæmi saman til fundar í húsinu þennan morgun. Um tilefni og tilgang mótmælanna sagði svo: „Krefjumst þess að íslenska ríkið taki það hugrakka skref að setja viðskiptaþvinganir á Ísrael og slíti stjórnmalasambandi við þjóð sem fremur þjóðarmorð! Orð duga ekki lengur. Þjóðarmorðið stöðvast ekki án aðgerða!“
- 5 Mótmælin hófust á boðuðum tíma og voru áfrýjendur á meðal mótmælenda. Er talið að þátttakendur í mótmælunum hafi verið um 150 talsins þegar mest var. Lögreglan var með nokkurn viðbúnað á svæðinu og fólst hann meðal annars í því að sett voru upp járnskilrúm á gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds annars vegar og neðan við Skuggasund 3, þar sem ráðuneytið var til húsa, hins vegar.
- 6 Í málinu liggur fyrir talsvert magn myndefnis, þar á meðal úr bókmyndavélum lögreglumanna, sem varpar ljósi á atvik og atburðarás í umrætt sinn.
- 7 Í héraðsdómi er því lýst að erfiðlega hafi gengið að koma ráðherrum að fundarstað. Þannig hafi mótmælendur reynt að hindra för ráðherrabíla þegar þeim var ekið austur Lindargötu og niður Skuggasund og síðan sömu leið til baka eftir að ráðherrar voru farnir inn um aðalinngang ráðuneytisins. Meðan á þessu stóð hafi mótmælendur virt að vettugi fyrir mæli lögreglu um að færa sig af götunni.
- 8 Þau atvik sem liggja kröfugerð áfrýjenda til grundvallar, en hana setja þau fram í félagi samkvæmt heimild í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, urðu laust eftir klukkan 10 þegar ríkisstjórnarfundur lauk og hafist var handa við að koma ráðherrum frá fundarstað. Liður í því var að ráðherrabílar kæmst leiðar sinnar austur Lindargötu og inn Skuggasund að ráðuneytinu og þaðan áfram að Sölvhólsgötu. Þegar hér var komið sögu hafði mótmælendum fækkað talsvert en nokkur fjöldi þeirra var enn á staðnum við framangreinda tvo lokunarpósta. Eftir því sem næst verður komist voru 25 til 30 manns við hvorn lokunarpóst. Á upptöku sést að þegar fyrsti ráðherrabíllinn kom að gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds höfðu nokkrir

mótmælendur lagst á götuna í því skyni að hindra för hans og að auki höfðu aðrir mótmælendur tekið sér stöðu þar. Leitaðist lögregla við að fjarlægja mótmælendur af götunni með því að draga þá burt eða koma því til leiðar að þeir færðu sig. Strax í kjölfar þess að tekist hafði að koma fyrsta ráðherrabílnum fram hjá hópnum og í því skyni að þeir sem á eftir kæmu ættu greiðari leið að ráðuneytinu greip lögregla til þess ráðs að nota úðavopn. Þá var þeim aftur beitt stuttu síðar við lokunarpóst neðan við Skuggasund 3 þegar mótmælendur viku ekki úr vegi fyrir fyrsta ráðherrabílnum sem var á leið frá ráðuneytinu.

- 9 Um nánari málsatvik vísast til hins áfrýjaða dóms.
- 10 Í héraðsdómsstefnu leggja áfrýjendur þann grunn að kröfu sinni á hendur stefnda um greiðslu miskabóta, sem reist er á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að þau hafi sem þátttakendur í friðsamlegum mótmælum sætt ólögmætri valdbeitingu af hendi lögreglu. Þannig hafi lögreglumenn sem voru viðstaddir mótmælin gengið mun harðar fram gagnvart þeim en nauðsynlegt var. Þeir hefðu nánar tiltekið hrint mótmælendum, þar á meðal áfrýjendunum Christu Hlín og Steinunni Lukku, mjög harkalega og að ástæðulausu og dregið mótmælendur, þar á meðal áfrýjandann Leu Mariu, eftir götunni og upp á gangstétt þannig að höfuð hennar slóst í gangstéttarkant. Þá hefðu þeir án undangenginnar viðvörunar úðað piparúða, ítrekað og samfelld af stuttu færi og án þess að aðstæður gæfu nokkurt tilefni til þess, í andlit áfrýjendanna Bergþóru og Christu Hlínar í seinna skiptið sem piparúða var beitt og annarra áfrýjenda þegar það var fyrst gert á gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds. Hefðu áfrýjendur og aðrir mótmælendur enga mótspyrnu veitt í aðdraganda þessara aðgerða lögreglu og ekki ógnað lögreglumönnum á nokkurn hátt. Engar lögmætar forsendur hafi þannig legið til grundvallar þeirri skerðingu á stjórnarskrárvörðu tjáningar- og fundafrelsi áfrýjenda sem falist hefði í umræddri valdbeitingu lögreglu. Jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að aðgerðir lögreglu hefðu stefnt að lögmætu markmiði þurfi að taka afstöðu til þess hvort meðalhófs hafi verið gætt og hvort aðgerðirnar hefðu verið nauðsynlegar í lýðræðislegu samfélagi. Hafi á engan hátt verið sýnt fram á það af hálfu stefnda að aðgerðirnar hafi verið réttlætanlegar í þessu ljósi.
- 11 Af hálfu stefnda er bent á að lögregla hafi ýmsar heimildir á grundvelli lögreglulaga nr. 90/1996 til að halda uppi lögum og reglu, sbr. til dæmis 15. og 16. gr. laganna. Þá sé almenningi samkvæmt 19. gr. þeirra skylt að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri. Er á því byggt að markmið aðgerða lögreglu á vettvangi mótmælanna hafi verið að halda uppi allsherjarreglu og halda akstursleið opinni þannig að ráðherrar kæmust að og frá fundarstað. Með aðgerðunum hafi ekki verið leitast við að stöðva mótmælin eða að raska á annan hátt möguleikum þeirra mótmælenda, sem enn voru á staðnum þegar í þær var ráðist, til að nýta tjáningar- og fundafrelsi sitt. Stuðst hafi verið við valdbeitingarstiga lögreglu og meðalhófs gætt meðan á aðgerðunum stóð,

sbr. meðal annars 13. og 14. gr. lögregluglaga og reglur nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Í því skyni að tryggja öryggi og akstursleið ráðherra frá fundarstað ríkisstjórnarinnar hafi lögreglumönnum verið heimilt að gefa mótmælendum fyrirmæli um að víkja af götunni og úr akstursleið og fjarlægja þá með líkamlegu valdi ef svo bar undir. Þar sem þau fyrirmæli skiluðu ekki árangri og með hliðsjón af takmörkuðum möguleikum lögreglu til að beita handtöku hafi verið ákveðið að beita piparúða. Áður en það var gert hefðu mótmælendur ítrekað verið varaðir við því að piparúða yrði beitt og hefðu þeir því haft öll tök á að fyrirbyggja tjón sitt. Hafi með öðrum orðum verið fullreynt að vægari aðferðir en notkun piparúða dygðu til að ná framangreindu markmiði og sú aðgerð sem ráðist var í verið liður í mannfjöldastjórnun en ekki í því að handtaka áfrýjendur.

- 12 Um málsástæður aðila þykir að öðru leyti mega vísa til hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða

- 13 Svo sem fram er komið krefjast áfrýjendur hvert og eitt 800.000 króna miskabóta úr hendi stefnda vegna aðgerða lögreglu í mótmælum sem þau tóku þátt í að morgni 31. maí 2024 í tengslum við ríkisstjórnarfund sem þá var haldinn í húsnæði stjórnarráðsins að Skuggasundi 3 í Reykjavík. Kröfuna reisa þau á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga en samkvæmt ákvæðinu er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert er við.
- 14 Í niðurstöðukafla héraðsdóms er gerð ítarleg grein fyrir þeim ákvæðum stjórnarskrár, almennra laga, lögreglusamþykktar og reglna nr. 1740/2022 sem að mati héraðsdóms höfðu þýðingu við úrlausn málsins. Í þessu sambandi þykir annars vegar vert að nefna að samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Þá segir í 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, að menn eigi rétt á að safnast saman vopnlausir, en lögreglunni sé heimilt að vera við almennar samkomur. Með þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar og í ljósi dómaframkvæmdar er slegið föstum almennum rétti einstaklinga til þess að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir með friðsamlegum hætti og af þeim leiddur réttur hóps fólks til að nýta saman tjáningarfrelsi sitt með fundum eða sameiginlegum mótmælum. Verða rétti þessum ekki settar skorður nema með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt var lagagildi hér landi með lögum nr. 62/1994. Hins vegar er þess að geta að hlutverk lögreglu samkvæmt 1. gr. lögregluglaga er meðal annars að vernda opinbera hagsmuni og veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á. Þá segir í 15. gr. laganna

að lögreglu sé við tilteknar aðstæður heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau og vísa á brott eða fjarlægja fólk. Í 19. gr. laganna er síðan að finna almennt ákvæði sem kveður á um skyldu borgaranna til að hlýða fyrirmælum lögreglunnar og í 21. gr. kemur fram að enginn megi á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum. Samkvæmt 44. gr. lögreglulaga eru brot gegn 19. og 21. gr. þeirra refsiverð. Þá er loks til þess að líta að það er meginregla íslenskrar stjórnskipunar að enginn getur komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð þótt hann vefengi heimildir stjórnvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

- 15 Í niðurstöðukafla héraðsdóms er að finna greinargóða lýsingu, sem styðst við fyrirliggjandi gögn, á atvikum og aðstæðum á vettvangi mótmælanna í aðdraganda þess að ríkistjórnarfundurinn hófst annars vegar og í kjölfar þess að honum lauk hins vegar. Við þessa lýsingu má bæta að áfrýjendurnir Elía Harpa, Lea María og Nerea voru í hópi þeirra mótmælenda sem lögðust á götuna á gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds laust eftir klukkan 10 um morguninn þegar tekið var til við að koma ráðherrum frá fundarstað og fyrsta ráðherrabilnum var ekið inn Lindargötu. Á upptöku sést þegar lögreglumaður dregur Leu Maríu af götunni og upp á gangstétt og að hún bregst strax við með því að standa upp, ganga út á miðja götuna og leggjast þar niður að nýju. Þá liggur ekki annað fyrir en að áfrýjendur hafi öll fengið piparúða í andlit, svo sem á er byggt af þeirra hálfu, en þó í mismiklum mæli. Hafa áfrýjendur að mjög takmörkuðu leyti gert grein fyrir því í málalíbúnaði sínum með hvaða hætti notkun lögreglu á úðavopnum bitnaði á hverju þeirra fyrir sig. Loks er þess að geta að fram kemur á upptökum að úðavopni var fyrst beitt á gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds strax eftir að tekist hafði að koma fyrsta ráðherrabilnum að fundarstaðnum og að um það bil fimm mínútur liðu frá því að það var gert þar til næsta ráðherrabil var ekið inn Lindargötu. Fleiri fylgdu síðan í kjölfar hans. Var áhersla lögð á þetta í málflutningi lögmanns áfrýjenda fyrir Landsrétti, en þau telja að þetta sýni að engin þörf hafi verið á því að grípa til þessarar valdbeitingar á þeim tíma þegar það var gert og að hún geti í öllu falli ekki talist réttlætanleg í framangreindu ljósi.
- 16 Þau mótmæli áfrýjenda og annarra mótmælenda, sem mál þetta tekur til, teljast ótvírætt til tjáningar í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar og varð réttur þeirra til að hafa þau uppi aðeins takmarkaður eftir þeim skilyrðum sem greinir í 3. mgr. greinarinnar, enda færu mótmælin friðsamlega fram eða ekki væri uggvænt að af þeim leiddi óspektir, sbr. 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessum stjórnarskrárbundnu skilyrðum fyrir takmörkunum á rétti til mótmæla leiðir að meta þarf hvort þörf hafi verið á valdbeitingu sem gripið var til og hvort gætt hafi verið meðalhófs eða gengið lengra en nauðsyn krafði í þágu lögsmæts markmiðs.
- 17 Enda þótt ekki séu efni til að leggja til grundvallar að mótmælin hafi náð því stigi að vera ófriðsamleg útilokaði það með engu móti að réttlætanlegt gæti verið að lögregla gripi til þeirrar valdbeitingar sem um er deilt í málinu.

- 18 Af málatilbúnaði áfrýjenda verður ráðið að kröfugerð þeirra lúti að meginstefnu til að því að lögregla beitti úðavopnum gagnvart þeim. Að því virtu sem fyrir liggur um aðra valdbeitingu lögreglu sem áfrýjendur hafa vísað til og bóta er krafist fyrir, en hún mun auk þess sem áður greinir um áfrýjandann Leu Maríu hafa beinst gegn áfrýjendunum Bergþóru, Christu Hlín og Steinunni Lukku, verður ekki á það fallist að lögreglumenn hafi að því leyti gengið fram með ólögumætum hætti.
- 19 Svo sem fram er komið greip lögregla til hinna umdeildu aðgerða eftir að hafist var handa við að koma ráðherrum frá fundarstað í Skuggasundi. Fallist er á það með héraðsdómi að mat um það hvort lögmætt tilefni hafi verið til aðgerðanna ráðist ekki eingöngu af þeirri stöðu sem þá var uppi á vettvangi mótmælanna heldur þurfi einnig að horfa til þeirra aðstæðna sem lögregla stóð frammi fyrir fyrir um morguninn og gerð er grein fyrir í hinum áfrýjaða dómi.
- 20 Eins og nánar er rakið í héraðsdómi lýtur ágreiningur áfrýjenda og stefnda að meginstefnu til að því hvort aðgerðir lögreglu í umrætt sinn hafi verið nauðsynlegar til að ná því markmiði að tryggja allsherjarreglu og að ráðherrar kæmust til og frá fundarstað og hvort gætt hafi verið meðalhófs þannig að lögregla hafi ekki gengið lengra í þvingunaraðgerðum en nauðsyn krafði. Er nánar tiltekið aðallega deilt um hvort notkun úðavopna hafi verið nauðsynleg, hvort reglum um hana hafi verið fylgt, hvort nægilega skýr viðvörðun hafi verið gefin áður en úðavopnum var beitt og hvort eðlilegra hefði verið að grípa til vægari úrræða, svo sem þess að handtaka mótmælendur.
- 21 Í héraðsdómi er ítarlega um það fjallað hvort önnur úrræði en notkun úðavopna hefðu verið lögreglu tiltæk í umrætt sinn og komist að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið. Þá hefur verið sýnt fram á það með myndefni af mótmælunum, og svo sem rakið er í héraðsdómi, að mótmælendum var skýrlega gerð grein fyrir því að úðavopnum yrði mögulega beitt ef fyrirmælum um að þeir færðu sig af götunni yrði ekki hlýtt. Um framangreint fær engu breytt sú málsvörn áfrýjenda sem áður er vikið að og snýr að kringumstæðum þegar úðavopnum var beitt hið fyrra sinn, enda liggur ekki annað fyrir en að beðið hafi verið með aka fleiri ráðherrabílum að anddyri ráðuneytisins þar til tryggt væri að þeir ættu þangað greiða leið.
- 22 Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 23 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétt fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 2025, var höfðað 26. júní 2024. Stefnendur eru Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Christa Hlín Lehmann, Daníel Þór Bjarnason, Elía Hörpu Önundarson, Lea María Lemarquis, Nerea Enriquez Santos, Pétur Eggerz Pétursson, Qussay Odeh og Steinunn Lukka Sigurðardóttir. Stefndi er íslenska ríkið, Lindargötu, Arnarhvoli, 101 Reykjavík.
2. Stefnendur krefjast þess að stefnda verði gert að greiða stefnendum, hverju um sig, 800.000 kr. í miskabætur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.
3. Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.

Helstu málsatvik

4. Félagið Ísland – Palestína boðaði til mótmæla við Skuggasund 3 í Reykjavík, þar sem fyrirhugað var að ríkisstjórnarfundur myndi fara fram 31. maí 2024 í húsakynnum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Mótmælin hófust um kl. 8:30 en á sama tíma var haldinn ríkisstjórnarfundur í húsnæði ráðuneytisins. Félagið hafði ítrekað boðað til mótmæla og krafist viðskiptaþvingana á Ísrael og að stjórnmalasambandi við Ísrael yrði slitið.
5. Lögregla var með nokkurn viðbúnað á fundarstað sem var með þeim hætti að settar voru upp girðingar eða lokanir á þremur stöðum: Staður (1) á gatnamótum Lindargötu og Skuggasunds, staður (2) í sundi á milli Skuggasunds nr. 1 og 3, staður (3) gangstéttum og götum lokað neðan við Skuggasund nr. 3. Þá voru alls 10 lögreglumenn eða aðgerðarsveitarmenn á staðnum. Mótmælendur, sem voru að mati málsaðila alls um 150 þegar mest lét, stóðu ýmist neðar eða norðar í brekkunni, við horn Skuggasunds og Sölvhólsgötu, eða ofar og sunnar, við horn Skuggasunds og Lindargötu. Þá voru einnig nokkrir mótmælendur við lokunina í sundinu á milli Skuggasunds 1 og 3.
6. Samkvæmt skýrslu stjórnanda lögreglu var hlutverk lögreglu að halda uppi allsherjarreglu og tryggja að ráðherrar kæmst óáreittir til og frá fundarstað. Í skýrslunni kemur fram að mótmælendur sem voru við gatnamót Lindargötu og Skuggasunds hafi reynt að hindra aðkomu ráðherrabíla á leið þeirra að fundarstað þegar þeim var ekið austur Lindargötu og niður Skuggasund og síðan sömu leið til baka eftir að ráðherrarnir voru farnir inn um aðalinnangang ráðuneytisins. Þeir hafi virt að vettugi fyrirmæli lögreglu um að færa sig af götunni, með þeim afleiðingum að ráðherrar hafi setið fastir í bílum sínum, og verið mjög æstir þegar lögregla var að greiða leið ráðherra á áfangastað og veist að lögreglu. Einn lögreglumaður hafi slasast á fæti þegar hann var að greiða leið ráðherrabíls sem þurfti að komast leiðar sinnar. Í stefnu er vísað til þess að einn mótmælandi hafi lagst fyrir bíl lögreglu í þeim tilgangi að tefja för hans, en lögreglumenn hafi flutt hann frá bílnum án nokkurra vandkvæða eða frekari viðbragða mótmælenda.
7. Í skýrslu stjórnanda lögreglu kemur fram að kallað hafi verið eftir viðbótarliðsauka til að koma ráðherrum burt frá fundarstað og rætt um að beita hugsanlega piparúða ef mótmælendur færu ekki að fyrirmælum lögreglu. Ekki hafi legið fyrir hvenær fundinum myndi ljúka en ákveðið hafi verið að fara með ráðherrana út að framanverðu. Jafnframt var óskað eftir að sjúkrabíll yrði í nágrenninu þar sem hugsanlega yrði að beita piparúða. Í skýrslunni kemur fram að aðstæður á þessum tíma hafi verið með þeim hætti að heimild hafi verið veitt til þess að beita kylfum ef mótmælendur kæmu inn fyrir lokanir að anddyrinu og hindruðu ráðherra að komast út.
8. Málsaðilar eru sammála um að það hafi fækkað í hópi mótmælenda eftir því sem leið á fundinn. Þegar fyrsti bíllinn kom að sækja ráðherra af fundinum kl. rúmlega 10 hafi nokkrir mótmælendur, þ. á. m. stefnendurnir Nerea og Lea, lagst niður á Lindargötu. Þeim hafi verið ýtt burt og hótað með piparúða. Nokkrir mótmælendur hafi legið enn í götunni þegar þeir voru dregnir burt af lögreglu úr akstursleið, þ. á. m. stefnandinn Lea. Mótmælendur lögðust jafnóðum á götuna eftir að þeir voru dregnir burtu. Þegar fyrsti ráðherrabíllinn beið á Lindargötu til komast á fundarstað að sækja ráðherra gaf lögreglan aðvörun um að beita piparúða ef mótmælendur létu ekki af því að hefta för þeirra. Skömmu eftir að bifreiðin var farin

framhjá var piparúða beitt. Meðal þeirra sem fengu piparúða yfir sig voru stefnendurnir Steinunn Lukka, Daníel, Pétur, Nereu, Elía, og Quassy.

9. Til að koma ráðherrabílunum af fundarstað færði lögregla stálgrindverkin norðan Skuggasunds til hliðar og stuggaði mótmælendum aftar og hótaði að beita piparúða. Einn stefnanda, Christa Hlín, neitaði að færa sig úr vegi og í framhaldi af því hafi piparúða verið beitt og henni ýtt af götunni. Auk þess hafi stefnandi Bergþóra fengið piparúða yfir sig þar sem hún stóð eftir á götunni við hlið stefnanda Christu.
10. Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnendur að undanskilinni Christu Hlín Lehmann aðilaskýrslu fyrir dómi. Þá gáfu lögreglumenn nr. 8738, 9704, 107 og 215 skýrslu fyrir dóminum auk Sólveigar Hauksdóttur og Árna Viljars Skjöldal. Verður vísað til sumra þessarar skýrslna í niðurstöðu eftir því sem talin er ástæða til.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Stefnendur byggja kröfur sínar á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda hafi lögreglan með framferði sínu brotið með ólögum hætti gegn frelsi, friði og persónu stefnanda af stórfelldu gáleysi og bakað stefnda með því miskabótaábyrgð.
12. Stefnendur vísa til þess að með aðgerðum lögreglu hafi verið brotið gegn rétti stefnanda til tjáningarfrelsis sem njóti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 („stjórnarskráin“) og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 („mannréttindasáttmáli Evrópu“), með því að beita piparúða gegn þeim, sem og öðru ofbeldi. Stefnendur hafi verið þátttakendur í stjórn málaumræðu vegna stefnu stjórnvalda í málefnum Palestínu, en slík tjáning njóti rikustu verndar framangreindra ákvæða, enda ein meginforsenda lýðræðis.
13. Stefnendur byggja á því að til þess að takmarka megi tjáningu samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þurfi að uppfylla fjögur skilyrði. Takmörkunin þurfi í fyrsta lagi að eiga sér stoð í lögum, í öðru lagi að stefna að lögum markmiði, í þriðja lagi að vera nauðsynleg og í fjórða lagi megi hún ekki ganga lengra en nauðsyn krefur í lýðræðissamfélagi.
14. Stefnendur vísa til þess að samkvæmt 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sé handhöfum lögregluvalds heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, en aldrei megi þó ganga lengra en þörf er á hverju sinni. Í 2. mgr. 13. gr. sömu laga kemur fram að handhafa lögregluvalds beri að gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Í ákvæðunum tveimur felist ströng krafa um að meðalhófs skuli gætt, ella bresti lögum valdbeitingarinnar samkvæmt fyrsta skilyrði takmörkunar á tjáningarfrelsi.
15. Stefnendur vísa til þess að á meðfylgjandi myndbandsupptökum sjáist með glöggum hætti að þeir lögreglumenn sem viðstaddir voru mótmælin gengu mun harðar fram gagnvart stefnendum en nauðsyn bar til. Þeir hafi hrint mótmælendum, m.a. stefnanda Christu og stefnanda Steinunni Lukku, mjög harkalega og að ástæðulausu, dregið mótmælendum, m.a. stefnanda Leu, eftir götum og upp á kanta auk þess að úða piparúða ítrekað og samfelld af stuttu færi í andlit fjölda mótmælenda, m.a. allra stefnanda, án þess að aðstæður gæfu nokkurt tilefni til og án þess að þeir veittu því mótspyrnu eða ógnuðu lögreglumönnum á nokkurn hátt.
16. Stefnandi vísar til þess að lögregla hafi skyndilega gripið til harkalegrar aðgerðar eftir að fyrsti ráðherrabíllinn hafi verið kominn framhjá og beitt piparúða gegn mótmælendum. Stefnandi, Steinunn Lukka hafi verið ein af þeim fyrstu til að fá piparúða yfir sig þar sem hún var að stumra yfir mótmælendum sem lágu á götunni. Lögreglumaður hafi ýtt harkalega á brjóst hennar með þeim afleiðingum að hún hafi fallið aftur fyrir sig og hrasað yfir annan mótmælenda sem lá á jörðinni. Þegar hún hafi reynt að standa upp að nýju hafi lögreglumaður úað piparúða beint í andlit henni. Í beinu framhaldi hafi hann síðan úað piparúða í andlit stefnendanna Daníels og Neru sem stóðu hjá. Nokkrum sekúndum síðar hafi lögregla farið að úða piparúða af meira offorsi en áður í andlit hvers þess mótmælenda sem stóð hjá m.a. í andlit stefnendanna Daníels, Péturs, Nereu, Elía, Steinunnar Lukku og Quassy. Þessi valdbeiting hafi staðið yfir í u.þ.b. mínútu á þeim tíma þegar ráðherrar voru enn á fundi.
17. Stefnendur vísa til þess að þegar stefnandi Christa hafi neitað að færa sig úr vegi veittust þrjár lögreglumenn að henni. Liðu fjórar sekúndur frá því að lögreglumaður ýtti fyrst við henni og þar til hann hóf að spreypja piparúða í andlit hennar af stuttu færi án viðvörunar í fjórar sekúndur samfleytt. Hafi sami lögreglumaður

ýtt henni áfram með þeim afleiðingum að hún lenti á grindverki, á meðan hún sá ekki út úr augum vegna piparúðans. Lögreglumaðurinn hafi neitað að sleppa takinu og grýtt henni í gagnstéttina og dregið hana á höndunum með aðstoð annars lögreglumanns. Hún hafi staðið upp aftur og borið hendurnar fyrir andlitið, en þá hafi tveir lögreglu tekið í hana og hrint henni aftur harkalega í gangstéttina. Við það hafi einn lögreglumaður hrasað með þeim afleiðingum að allur líkamsþungi hans hafi lagst á fót hennar. Þegar aðrir mótmælendur hugðust koma henni til hjálpar var þeim ýtt í burt, en lögreglumennirnir haldið áfram að rífa í hendur stefnanda Christu Hlín þar sem hún sat á gangstéttarbrúninni með laskaða sjón og sýndi enga mótsþyrnu.

18. Stefnendur vísa jafnframt til þess að óeinkennisklæddur lögreglumaður sem hafi gefið fyrirskipanir um að beita piparúða hafi ýtt stefnanda, Bergþóru af gagnstétt þar sem hún stóð og sveiflaði fána út á akbrautina í veg fyrir akstursleið ráðherrabílsins. Auk þess sem lögreglumenn hafi ýtt harkalega í hana þar sem hún stóð eftir á götunni við hlið stefnanda Christu. Þegar lögreglumaður hóf að spreypa piparúða í átt að þeim hafi stefnandi Bergþóra fallið í jörðina. Umræddur óeinkennisklæddur lögreglumaður hafi þá rífið í hana og dregið hana aftur upp á gangstétt. Þar hafi verið úðað yfir hana í þriðja sinn þar sem hún stóð á lengdar, uppi á gangstétt, fjarri lögreglu og akstursleið ráðherrabílsins. Allir stefnendur hafi orðið fyrir piparúða þrátt fyrir að ekkert þeirra hafi veist að lögreglu eða ógnað henni.
19. Stefnendur byggja á því að það að tefja umferð og leggjast á götuna teljist friðsamleg mótmæli og geti ekki talist réttmætur grundvöllur slíkrar íhlutunar af hálfu lögreglu. Ekkert rökstyðji það að almenningi eða lögreglu hafi stafað hætta eða ógn af stefnendum eða nokkrum öðrum mótmælenda.
20. Stefnendur vísa til þess að með hliðsjón af framangreindu geti viðbrögð lögreglu engan veginn rúmast innan innan 2. mgr. 13. gr. eða 14. gr. lögreglulaga þar sem gert er ráð fyrir meðalhófi. Af því leiði að þriðja og fjórða skilyrði takmörkunar tjáningarfrelsis hafi ekki verið uppfyllt við aðgerðir lögreglu í máli þessu, enda bersýnilega ekki nauðsyn á svo harkalegum aðgerðum sem hafi gengið mun lengra en nauðsyn krefji í lýðræðissamfélagi. Verði enda að teljast alvarlegt að lögregla telji sig hafa heimild til þess að beita piparúða, og hvað þá í svo miklum mæli, gagnvart friðsömum mótmælendum.
21. Stefnandi byggir á því að í reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna nr. 1740 frá 2022 sé kveðið á um í 11. gr. að lögreglu sé einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga mótþróa einstaklings við handtöku. Hér hafi ekki verið um að ræða yfirbugun mótþróa einstaklings við handtöku, heldur friðsama mótmælendur sem nýttu stjórnarskrárvárið tjáningarfrelsi sitt til að mótmæla stefnu stjórnvalda. Í 2. málsl. 2. mgr. 12. gr. reglnanna er kveðið á um að úðavopn skuli ekki notuð í nálægð ungra barna nema í neyð en af gögnum málsins megi sjá að ung börn hafi verið viðstödd mótmælin og hefði lögregla þar af leiðandi þurft að gæta sérstakrar varúðar. Notkun piparúða í þessu tilfelli hafi því ekki verið í samræmi við framangreind ákvæði og þar með ólögmat.
22. Stefnendur vísa til þess að piparúði er vopn í skilningi f-liðar 1. mgr. 2. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sem geti valdið sviða ef hann berst í augu og slæmri ertingu ásamt því að hann geti valdið áhrifum eins og öndunarferfiðleikum, ógleði, uppköstum, ertingu í öndunarvegi, ertingu í tárögöngum og augum, krampa, brjóstverk, húðbólgu og ofnæmisviðbrögðum. Í miklu magni geti piparúði valdið drepi í vefjum í öndunarfærum eða meltingarvegi, lungnabjúg og innvortis blæðingum. Notkun piparúða sé því ekki vægt úrræði, heldur geti þvert á móti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Alls hafi um 40 manns verið úðaðir með piparúða og hafi þrír farið á spítala en tveir verið fluttir til aðhlyningar af sjúkraliðum í nærliggjandi hús. Af meðfylgjandi myndböndum megi sjá að lögreglumenn beittu úðanum óvarlega, ítrekað og samfelld að fólki sem ekki stafaði ógn af, þ.m.t. öllum stefnendum.
23. Stefnendur vísa til þess að í viðtali við fjölmiðla hafi aðalvarðstjóri lögreglunnar vísað til þess að nauðsynlegt hefði verið að beita piparúða svo ráðherra kæmist burt frá húsinu. Þetta standist enga skoðun enda hafi enginn ráðherra verið í bifreiðinni sem ók í gegnum Skuggasund um kl. 10 og var auk þess komin fram hjá þegar lögregla hóf að beita piparúða á mótmælendur. Í viðtalinu hafi jafnframt komið fram að lögreglumenn hefðu haft heimild til að beita kylfum. Stefnendur byggja á því að fámenn og friðsamleg mótmæli geti ekki réttlætt slíkt ofbeldi af hálfu lögreglu, samkvæmt þeim kröfum sem gerðar séu til takmörkunar á tjáningarfrelsi samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

24. Stefnendur byggja á því að umrætt viðtal hafi verið sett fram með þeim hætti sem hafi verið til þess fallinn að kasta rýrð á stefnendur að ósekju og í þeim tilgangi að réttlæta ólögmaett ofbeldi af hálfu lögreglu og þarf af leiðandi valdið þeim miska.
25. Stefnendur byggja á því að þeim hafi verið heimilt að koma saman og mótmæla með friðsamlegum hætti, sbr. 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Vísað er til þess að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi ítrekað slegið því föstu að það sé mikilvægt að yfirvöld sýni ákveðna þolinmæði gagnvart friðsamlegum mótmælum ef fundafrelsi samkvæmt 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu á að hafa tilskilin áhrif. Aðgerðir lögreglu hafi ekki verið innan þeirra marka
26. Stefnendur vísa til meginreglu íslensks skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð, varðandi miskabótaábyrgð stefnda á ólögmaettum aðgerðum lögreglu. Valdbeiting lögreglu hafi verið ólögmaett og saknaem og valdið stefnendum miska í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bæði hafi þær ávirðingar sem aðalvarðstjóri lögreglu bar fram á hendur mótmælendum, þ. á m. stefnendum, verið alvarlegar og til þess fallnar að valda þeim álitshnekki að ósekju og einnig hafi valdbeiting og ofbeldi lögreglu valdið þeim bæði líkamlegu og andlegu tjóni. Háttsemin teljist stórfellt gáleysi af hálfu lögreglumannanna, sem stefndi beri ábyrgð á.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

27. Stefndi byggir á því að annmarkar á málatilbúnaði stefnenda eigi, ásamt öðru, að leiða til sýknu verði málinu ekki vísað frá af sjálfsdáðum. Ákvæði 26. gr. skaðabótalaga sé sérákvæði um bótaskyldu sem ætlað sé að veita dómstólum heimild til að ákvarða bætur að álitum að undangengnu heildstæðu og sumpart einstaklingsbundnu mati. Stefnendur hafi ekki gert viðhlítandi grein fyrir miskabótakröfum sínum enda þurfi að huga að þátttöku þeirra í mótmælunum og réttarstöðu hvers þeirra um sig við mat á hugsanlegri skaðabótaskyldu, þ. á m. hvað snerti ætlaða sök og ólögmaeti, orsakasamhengi, eigin sök og hvernig ætlað miskatjón sé tilkomið, umfang þess og í hverju það felist.
28. Stefndi vísar til niðurstaðna nefndar um eftirlit með lögreglu sem tók til skoðunar verklag lögreglu í umrætt sinn. Þar kemur fram að lögregla hafi gefið mótmælendum ítrekaðar skipanir um að víkja af götunni. Stjórnandi á staðnum hafi gefi skipun um að taka upp úðabrusa og gefa þannig til kynna að þeir yrðu notaðir ef ekki yrði farið að fyrirmælum lögreglu. Mótmælendum hafi einnig verið gefin munnleg viðvörðun um að þeir yrðu notaðir. Öllum hefði því átt að vera ljóst hvað til staði ef fyrirmæli lögreglu yrðu ekki virt.
29. Stefndi vísar til þess að samkvæmt lýsingu stefnenda sjálfra hafi um kl. 9:45 einungis fáir tugir mótmælenda verið eftir. Flestir hafi því verið farnir og búnir að tjá hug sinn með mótmælunum þegar umþrætt atvik áttu sér stað.
30. Stefndi byggir á því að lögregla hafi ýmsar heimildir á grundvelli lögreglulaga nr. 90/1996 til að halda uppi lögum og reglu, sbr. m.a. 15. gr. þar sem mælt er fyrir um aðgerðir í þágu almannafríðar og allsherjarreglu sem geta sett fundafrelsi skorður, svo sem með því að banna dvöl á ákveðnum svæðum og girða af eða hindra umferð um þau og með því að vísa fólki á brott eða fjarlægja það. Þá sé hlutverk lögreglu m.a. að veita yfirvöldum vernd og aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á, sbr. e-lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga. Stefndi bendir jafnframt á að skv. 21. gr. laganna megi enginn tálma því að maður gegni lögreglustörfum auk þess sem almenningi sé skv. 19. gr. laganna skylt að hlýða fyrirmælum sem lögregla gefur, svo sem vegna umferðarstjórnunar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannaferi, sbr. einnig 3. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008.
31. Stefndi vísar til þess að markmið aðgerða lögreglu hafi verið að halda uppi allsherjarreglu og halda akstursleið opinni þannig að ráðherrar kæmust til og frá fundarstað. Með því hafi ekki verið reynt að stöðva mótmæli eða raska á annan hátt möguleikum þeirra mótmælenda sem þá voru eftir til að nýta sér fundafrelsi sitt. Stuðst hafi verið við valdbeitingarstiga lögreglu og meðalhófsreglu á meðan á aðgerðum stóð, sbr. m.a. til hliðsjónar 13. og 14. gr. lögreglulaga og reglur nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna, sbr. m.a. skýringar við 1. gr. reglnanna. Fullreynt hafi verið að vægari aðgerðir en piparúði dygðu ekki til að ná því markmiði. Notkun piparúðans hafi verið liður

í mannfjöldastjórnun en ekki í því að handtaka stefnendur, sbr. m.a. 11. gr. og 13. gr., 16. gr., 37. gr. og 38. gr. reglnanna. Í síðari málslið 11. gr. kemur fram að ávallt sé heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu eða rafvarnarvopn. Samkvæmt a- og d-lið 1. mgr. 16. gr. er notkun kylfu heimil þegar brýna nauðsyn ber til að afstýra árás á lögreglumann eða þriðja aðila og þegar einhver reynir að hindra lögreglu við störf sín. Af ákvæði 2. mgr. 13. gr., sbr. og 2. mgr. 16. gr. og 20. gr. reglnanna, megi ráða að lögreglumaður skuli, ef því verður við komið og aðstæður leyfa, vara við að úðavopni verði beitt til að framfylgja aðgerðum og koma því á framfæri hvar hægt sé að leita sér hjálpar á eða við vettvang. Stefndi árétti það sem fram komi í niðurlagi skýrslu stjórnanda, að í ljósi aðstæðna og skorts á mannafla hafi lögregla ekki handtekið mótmælendur fyrir að hlíta ekki fyrirmælum og veitast að henni og hafi notkun piparúða því verið álitid raunhæfara úrræði, sbr. einnig Hrd. nr. 802/2014.

32. Stefndi vísar til þess að þegar fyrsta ráðherrabifreiðin kom á staðinn hafi mótmælendur farið í veg fyrir hana og neitað að færa sig af götunni þrátt fyrir ítrekaðar skipanir lögreglu þar um. Eftir að lögregla hafði fyrirskipað fólki ítrekað að færa sig af götunni og reynt að fjarlægja það með líkamlegu afli hafi verið tekin upp úðavopn. Hafi fólki ítrekað verið varað við því að færi það ekki af götunni myndi lögregla beita þeim. Að gættu meðalhófi beitti lögregla úðavopni á mótmælendur þegar annað var fullreynt. Lögregla hafi greitt götu bílstjóra ráðherra eftir að úðavopni var beitt, og ráðherrarnir hafi loks komist að fundarstað einn af öðrum. Lögreglan hafi náð að halda Skuggasundi lokuðu og því hafi það svæði verið nokkuð öruggt en þegar fyrsti ráðherrann hafði komið sér fyrir í bifreið sinni hafi aftur orðið að ryðja þeim leið í gegnum hóp mótmælenda sem neituðu að færa sig. Sjúkrabifreið hafi verið til taks í nágrenninu og fólki staðið til boða aðstoð sjúkraliðs við skolun en piparúðinn sem notaður var sé með u.þ.b. fjórfalt minni virkni en sá piparúði sem lögreglumenn fái persónulega úthlutað.
33. Stefndi mótmælir þeim málatilbúnaði í stefnu að ekkert í framferði stefnenda hafi gefið lögreglu tilefni til að nota piparúða sem beitt var gegn þeim og eftir atvikum öðrum mótmælendum. Notkun piparúða hafi verið liður í mannfjöldastjórn við krefjandi aðstæður þar sem fyrirmælum lögreglu var ekki sinnt og störf hennar tálmuð. Aðgerðir lögreglu hafi ekki beinst að því að stöðva mótmælin heldur að halda uppi lögum og reglu, þ. á m. tryggja öryggi og akstursleið ráðherra frá fundarstað. Í því skyni hafi henni verið heimilt að gefa þeim sem þá voru eftir við mótmælin fyrirmæli um að víkja af götunni og úr akstursleið og fjarlægja þá með líkamlegu valdi ef svo bar undir. Þar sem þau fyrirmæli og sú valdbeiting skilaði ekki árangri hafi með hliðsjón af aðstæðum, þ.á m. takmörkuðum möguleikum lögreglu á að ráðast í handtökur, verið ákveðið að beita piparúða. Stefnendur hafi eins og aðrir mótmælendur ítrekað verið varaðir við því að piparúða yrði beitt og haft öll tök á að fyrirbyggja ætlað tjón sitt. Stefndi telji, með hliðsjón af málatilbúnaði í stefnu, að leggja verði til grundvallar að þeir hafi allir sýnt af sér eigin sök í þessu tilliti, burtséð frá þeim málstað sem þeir höfðu að verja við mótmælin, og telji skilyrði skaðabótaskyldu ósönnuð, þ. á m. um ætlaða sök, ólögmati, orsakatengsl og tjón.
34. Stefndi hafnar því með sömu rökum að aðrar aðgerðir lögreglu en beiting piparúða sem stefnendur kunna að hafa sætt hafi verið ólögmatar eða úr hófi og til þess fallnar að valda þeim miska í merkingu 26. gr. skaðabótalaga. Sama eigi við um viðtal aðalvarðstjóra lögreglu um réttmæti aðgerðanna. Það teljist eðlilegur hluti starfs yfirmanna lögreglu og ákærvalds að gera fjölmiðlum nokkra grein fyrir stöðu mála, svo sem meðan á rannsókn þeirra stendur, og þeim ákvörðunum sem teknar eru, sbr. til hliðsjónar ummæli í Hrd. nr. 52/2019.
35. Stefndi hafnar fullyrðingum sem fram koma í stefnu um að viðkomandi starfsmaður embættis ríkislögreglustjóra hafi gengið á milli lögreglumanna og gefið þeim skipanir, þ. á m. um að beita piparúða. Engu breyti þótt starfsmaðurinn hafi aðstoðað lögreglu á vettvangi.
36. Stefndi vísar jafnframt til þess að í sýknukröfunni felist krafa um að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega verði ekki fallist á sýknukröfu.

Niðurstaða

37. Stefnendur hafa kosið að höfða mál þetta í einu lagi með vísan til þess að mál hvers og eins þeirra eigi rót sína að rekja til sömu atvika, aðstæðna og atburðarásar. Stefnendur voru allir í hópi mótmælenda þegar piparúða var beitt og fengu allir yfir sig piparúða. Þá voru einhverjir þeirra dregnir burt af lögreglu og þeim

- hrint burt. Málaltilbúnaður þeirra lýtur að því hvort valdbeiting lögreglu við þessar aðstæður hafi verið lögmæt, nauðsynleg og uppfyllt reglur um meðalhóf. Verður fallist á að unnt sé af gögnum málsins að aðgreina þátt hvers stefnanda um sig að svo miklu leyti sem þörf er á til þess að ákveða réttarstöðu þeirra og bótagrundvöll. Verður því ekki fallist á að ekki séu uppfyllt skilyrði samlagsaðildar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 þannig að varða eigi frávisun málsins án kröfu.
38. Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar eru allir fjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. greinarinnar, eins og henni var breytt með 11. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er kveðið á um að hver maður eigi rétt á að láta hugsanir sínar í ljós, en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ákvæðið felur í sér víðtæka vernd tjáningarfrelsis og hefur verið skýrt svo að í því sé fölginn réttur manna til að miðla upplýsingum með öllum formum tjáningar. Frelsi þetta nær bæði til prentaðs og talaðs máls, auk tjáningar sem felst í annars konar athöfnum. Þá segir í 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, að menn eigi rétt á að safnast saman vopnlausir, en lögreglunni sé heimilt að vera við almennar samkomur. Í niðurlagi greinarinnar kemur síðan fram að banna megi mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.
39. Með þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar er tryggður almennur réttur einstaklinga til þess að láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir með friðsamlegum hætti. Þá verða ákvæðin ekki túlkuð öðruvísi en svo að af þeim verði leiddur réttur hóps einstaklinga til að nýta saman tjáningarfrelsi sitt með fundum eða sameiginlegum mótmælum, sbr. til hliðsjónar Hrd. nr. 65/1999 og Hrd. nr. 812/2014., sbr. einnig dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, t.d. í máli Djavit An gegn Tyrklandi nr. 20652/92 frá 2003 og máli Kudrevicius o.fl. gegn Litháen nr. 37553/05 frá 2015. Verða rétti þessum ekki settar skorður nema með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 10. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 62/1994.
40. Samkvæmt 10. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu á sérhver maður rétt til tjáningarfrelsis. Samkvæmt 11. gr. mannréttindasáttmálans eiga menn rétt á að koma saman með friðsömum hætti. Í 2 mgr. 10. gr. segir m.a. að af réttindum þessum leiði skyldur og ábyrgð og að heimilt sé að þau séu háð skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 11. gr. sáttmálans.
41. Mótmæli stefnanda 31. maí 2024 teljast ótvírætt til tjáningar í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiðir að réttur þeirra til að hafa uppi slík mótmæli varð aðeins takmarkaður eftir þeim skilyrðum sem greinir í 3. mgr. greinarinnar, enda færu mótmælin friðsamlega fram eða ekki væri uggvænt að af þeim leiddi óspektir, sbr. 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.
42. Hlutverk lögreglu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er m.a. að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu og greiða götu borgaranna eftir því sem við á og veita yfirvöldum, þ.e. stjórnvöldum og öðrum opinberum aðilum, þ.m.t. ráðherrum og ríkisstjórn, vernd eða aðstoð, hvort sem er að beiðni þeirra eða eftir fyrirmælum laga svo og þegar venja stendur til þess.
43. Samkvæmt 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglu heimilt að hafa afskipti af borgurunum í því skyni að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu, til að gæta öryggis einstaklinga og almennings eða til að afstýra brotum eða stöðva þau. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að vísa fólki á brott eða fjarlægja það og fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Í 19. gr. er síðan að finna almennt ákvæði sem kveður á um skyldu borgaranna til að hlýða fyrirmælum lögreglunnar. Þá kemur fram í 21. gr. laganna að enginn megi á neinn hátt tálma störfum lögreglu og geta brot á ákvæðum 19. og 21. gr. varðað fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Í 44. gr. laganna kemur fram að ef lögreglumenn starfa saman í hóp undir beinni stjórn yfirmanns sem gefur skipanir um notkun vopna sé notkun þeirra einungis heimil eftir skipun yfirmanns, nema í nauðvörn. Það er meginregla íslenskrar stjórnskipunar að enginn geti komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð þótt hann vefengi heimildir stjórnvalda, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

44. Samkvæmt reglum um valdbeitingu lögreglumanna nr. 1740/2022, sem settar eru með stoð í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998, skal lögregla ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni. Ávallt skal gæta meðalhófs við valdbeitingu. Samkvæmt 11. gr. er lögreglu einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga mótþróa einstaklings við handtöku. Þá er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu eða rafvarnavopn. Samkvæmt 16. gr. er einungis heimilt að nota kylfu þegar brýna nauðsyn ber til í tilvikum til að afstýra árás á lögreglumann eða þriðja aðila, þegar einhver reynir að hindra lögreglu við störf sín og til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé fylgt tafarlaust. Í athugasemdum kemur fram að beiting úðavopns teljist vægari aðferð en beiting kylfu. Lögreglumenn verða að geta rökstutt beitingu úðavopna og ljóst þarf að vera að önnur vægari úrræði dugi ekki.
45. Samkvæmt lögreglusamþykkt nr. 1097/2008 mega uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi sem raskar allsherjarreglu ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast saman ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.
46. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að dæma þann sem ber ábyrgð á ólögumætri meingerð gegn æru eða persónu annars manns til að greiða miskabætur þeim sem misgert var við.
47. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið liggur fyrir að valdheimildir lögreglu styðjast við lögbundinn grundvöll, sbr. 15., 19. og 44. gr. laga nr. 90/1996, auk þess sem markmið 15. og 19. gr. um gæslu allsherjarreglu og almannafríðar er lögmætt markmið samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
48. Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort umrædd mótmæli hafi verið friðsæl, hvort stefnendur hafi óhlýðnast fyrirmælum lögreglu, hvort gætt hafi verið meðalhófs eða hvort gengið hafi verið lengra við valdbeitingu en nauðsyn krafði í þágu hins lögmæta markmiðs, svo og huglægrar afstöðu lögreglumanna á vettvangi og skilyrða miskabóta.
49. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar, Landsréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu hafa mótast ýmis sjónarmið um mat á því hvort takmörkun mótmælaaðgerðar teljist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. t.d. Hrd. nr. 812/2014 og 65/1999, Lrd. nr. 336/2019 og 357/2021 og dóm yfirdeildar Mannréttindadómstólsins í máli nr. 37553/05, Kudreciciu o.fl. gegn Litháen, og í máli nr. 74552/01, Oya Ataman gegn Tyrklandi. Af þessum dómum má ráða að yfirvöld verði að sýna ákveðna þolinmæði gagnvart rétti fólks til að mótmæla, jafnvel þó að það valdi vissum óþægindum eins og hávaðamengun og truflun á umferð. Jafnframt verður að líta til þess að þau njóti verndar þótt þau ónáði eða móðgi þá sem eru annarrar skoðunar en mótmælendur.
50. Þeir sem taka þátt í mótmælum verða jafnframt að sýna ákveðnar tillitsskyldur gagnvart þeim sem ekki taka þátt í mótmælunum, svo sem með því að reyna að greiða fyrir umferð eins og hægt er. Mótmælendum er jafnframt skylt að hlíta fyrirmælum lögreglu samkvæmt 19. gr. lögreglulaga nr. 90/2016. Ef viljandi er verið að trufla daglegt líf eða lögmæta starfsemi meira en óhjákvæmilegt er að fylgi lýðræðislegri mótmælaaðgerð eykst svigrúm yfirvalda til að grípa inn í. Þá skiptir máli hvort afskipti yfirvalda beinast að því að koma í veg fyrir tjáningu mótmælenda eða hvort þau lúta að því að takmarka aðgengi þeirra að tilteknum svæðum, svo sem í þeim tilgangi að auðvelda umferð, tryggja öryggi tiltekinnna einstaklinga eða framgang lögbundinna verkefna.
51. Til þess að mótmæli geti talist friðsamleg verða mótmælendur að sýna eðlilegar tillitsskyldur og fara að lögum. Þegar skoðaðar eru upptökur bæði af búkmyndavélum og úr þeim gögnum sem lögð eru fram af stefnendum sjálfum má sjá að mótmælendur stóðu á götunni og komu í veg fyrir að hægt væri að aka um hana. Nokkrir lögðust í götuna og neituðu að færa sig og fóru ekki að ítrekuðum fyrirmælum lögreglu. Þegar lögreglan fjarlægði þá af götunni komu þeir jafnharðan aftur og lögðust á götuna eða aðrir mótmælendur í stað þeirra. Þessi háttsemi getur ekki fallið undir friðsöm mótmæli enda voru mótmælendur beinlínis að stuðla að því að stöðva umferð langt umfram það sem leiðir af friðsömum mótmælum, í því skyni að hindra för æðstu ráðamanna og jafnframt að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu. Með því fóru þeir bæði út fyrir eðlilegar tillitsskyldur og brutu gegn 19. gr. lögreglulaga nr. 90/2016. Verður því ekki fallist á að mótmælin umræddan dag hafi verið friðsamleg.

52. Valdheimildir lögreglu styðjast við lögbundinn grundvöll, sbr. 15., 19. og 44. gr. laga nr. 90/1996, auk þess sem markmið 15. og 19. gr. um gæslu allsherjarreglu og almannafríðar er lögmætt markmið samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Eftir stendur hvort takmörkunin teljist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Það nægir ekki að mótmælendur hafi óhlýðnast fyrir mælum lögreglu heldur þarf að meta hvort gætt hafi verið meðalhófs eða gengið lengra en nauðsyn krafði í þágu hins lögmæta markmiðs.
53. Samkvæmt 1. gr. reglna um valdbeitingu lögreglumanna nr. 1740/2022 er skylt, ef gripið er til valdbeitingar, að gera grein fyrir því hvers eðlis hún var og ástæður þess að henni var beitt. Samkvæmt skýrslu aðalvarðstjóra og stjórnanda á vettvangi var hlutverk lögreglu við umrædd mótmæli að tryggja allsherjarreglu og að ráðherrar kæmust óáreitir til og frá fundarstað. Aðalvarðstjóri kom fyrir dóm og staðfesti efni skýrslunnar og hlutverk lögreglu í umrætt sinn. Eins og áður hefur verið rakið ber lögreglunni skylda til þess að halda uppi allsherjarreglu og tryggja öryggi æðstu ráðamanna við störf þeirra, þ.m.t. að sjá um að þeir komist örugglega til og frá fundarstað. Þetta eru lögmæt markmið sem setja tjáningarfrelsi mótmælenda skorður sem falla undir þær takmarkanir á tjáningarfrelsi sem raktar eru í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
54. Meginágreiningur stefnenda og stefnda lýtur að því hvort aðgerðir lögreglu hafi verið nauðsynlegar til þess að ná umræddu markmiði og hvort meðalhófs hafi verið gætt við valdbeitinguna þannig að ekki hafi verið gengið lengra í þvingunaraðgerðum en nauðsyn krefur í lýðræðisþjóðfélagi. Við mat á nauðsyn aðgerða verður að horfa til þess að það er hlutverk lögreglu að tryggja öryggi og allsherjarreglu á vettvangi. Auk sérstakra skyldna gagnvart æðstu ráðamönnum sem eru að gegna lýðræðislegum skyldustörfum ber lögregla ábyrgð á því að mótmælin ógni ekki öryggi mótmælenda og lögreglumannanna sjálfra eða annarra vegfarenda sem eru ekki þátttakendur í mótmælunum.
55. Kröfur stefnenda eru reistar á þeim atvikum og þeirri valdbeitingu lögreglu sem átti sér stað eftir að ríkisstjórnarfundur lauk. Við endurskoðun á mati lögreglu á aðstæðum er engu að síður nauðsynlegt að horfa til allra atvika, allt frá því að mótmælin hófust fyrir um morguninn. Í skýrslu stjórnanda lögreglu og á upptökum má sjá að mótmælendur söfnuðust saman á öllum þremur lokunarpóstunum, þó vissulega hafi þeir fyrst og fremst verið við lokanirnar við Lindargötu og Sölvhólgötu. Af upptökum má sjá mótmælendur reyna að trufla för ráðherra á fundinn og lögreglumenn reyna að ýta þeim frá götunni. Sumir mótmælenda ýta á móti og reyna að komast út á götuna að nýju til að hindra för ráðherranna á fundarstað. Við þetta myndast ákveðinn troðningur þegar bifreiðarnar eru að beygja af Lindargötu inn í Skuggasund fram hjá mótmælendum og lögreglu. Afleiðing þessa verður sú að einn lögreglumaður slasast við það að ráðherrabíl er ekið utan í hælinn á honum. Í skýrslu stjórnanda kemur fram að mótmælendur hafi verið mjög æstir þegar lögregla hafi verið að greiða leið ráðherra á áfangastað. Í skýrslutökum fyrir dómi kom fram hjá stefnanda Steinunni Lukku að fólki hefði verið heitt í hamsi út af ástandinu. Þá er óumdeilt að einn mótmælenda hafi lagst á götuna fyrir framan bifreið ráðherra til að tefja för hans á fundinn.
56. Sú atburðarás sem hér er lýst bendir ótvírætt til þess að lögregla hafi átt fullt í fangi með að halda uppi allsherjarreglu og ekki tekist að afstýra því að öllu leyti að fólk á vettvangi myndi skaðast. Það að mótmælendur kæmu sér fyrir strax í upphafi við allar útgönguleiðir gaf lögreglu tilefni til að ætla að tilgangur mótmælanna væri ekki einungis sá að koma tilteknum skilaboðum á framfæri heldur einnig að hindra för ráðherra til og frá fundarstað. Sú háttsemi nokkurra mótmælenda að tefja fyrir för ráðherra þegar þeir komu til fundarins og færa sig ekki af götunni þrátt fyrir fyrir mæli lögreglu, og jafnvel eftir að gerð var tilraun til að ýta þeim burt, hlaut enn frekar að styrkja grun lögreglu um að það gæti reynst erfitt að koma ráðherrum af fundarstað. Í skýrslu stjórnanda aðgerða og í skýrslutökum fyrir dómi kom fram hjá lögreglumönnum að mótmælendur hefðu hrækt á bifreiðarnar og bankað í þær. Af myndbandsupptökum verður ekki séð að stefnendur hafi tekið þátt í því en mikil nálægð mótmælenda við bifreiðar ráðherra hlaut að vera lögreglunni áhyggjuefni. Viðbúnaður lögreglu hlýtur auk þess alltaf að þurfa að taka mið af því hvernig eigi að bregðast við ef atburðarásin fer úr böndunum. Með vísan til þessa verður að fallast á að fullt tilefni hafi verið til þeirra viðbótarráðstafana sem gripið var til, þ.m.t. að auka við fjölda lögreglumanna á svæðinu og vera viðbúinir því að þurfa hugsanlega að beita piparúða og kalla þá jafnframt sjúkrabíl á svæðið.

57. Skaðabótakröfur stefnenda lúta að þeim atvikum sem gerðust þegar bifreiðarnar komu til að sækja ráðherrana af fundinum. Ágreiningur er um hvort notkun piparúða hafi verið nauðsynleg við þessar aðstæður, hvort skýr fyrirmæli hafi verið gefin áður en piparúðanum var beitt, hvort reglum hafi verið fylgt við notkun piparúðans, hvort eðlilegra hefði verið að beita vægari úrræðum eins og handtökum, hvort nauðsynlegt hafi verið að aka bifreiðunum þar sem mótmælendur stóðu og loks hvort huglæg afstaða lögreglumanna til mótmælenda hafi ráðið ákvörðunum lögreglu.
58. Af myndbandsupptökum bæði úr búkmyndavélum og myndefni sem stefnendur hafa sjálfir lagt fram sjást aldrei færri en fimm mótmælendur liggja í götunni áður en fyrsti ráðherrabíllinn kemur eftir Lindargötu að sækja ráðherra af fundinum. Ekki er hægt að greina orðaskipti milli lögreglu og mótmælenda í upphafi en einhver orðaskipti eiga sér stað áður en lögregla fjarlægir mótmælendur af götunni með því að draga þá burt. Mótmælendurnir leggjast jafnóðum á götuna aftur og fleiri mótmælendur bætast við. Á myndbandsupptökum má sjá hvernig mótmælendur læsa saman höndum þar sem þeir liggja á götunni. Í skýrslutöku fyrir dómi lýsti einn stefnenda, Nerea Santos, því að hún hefði lagst í götuna þegar ráðherrabíllinn var að koma og læst höndum saman við annan mótmælenda til að gera lögreglumönnum erfiðara fyrir að fjarlægja þá af götunni.
59. Við aðalmeðferð kom fram bæði í skýrslutökum og við munnlegan málflutning að stefnendur hefðu ekki heyrt nein fyrirmæli um að fara af götunni og var m.a. vísað til þess að hávaði hefði verið mjög mikill og fyrirmælin hefðu verið óskýr. Á upptökum má sjá þegar lögreglumaður grípur í stefnanda Leu Maríu Lemarquis sem segir honum að sleppa sér og hann geti gefið sér fyrirmæli. Hún er beðin um að fara af götunni og bregst við með því að setjast á götuna kl. 10:13:44. Í skýrslutöku fyrir dómi skýrði Lea frá því að hún hefði búist við því að fólk yrði fjarlæggt af götunni en alls ekki á þennan hátt. Þegar hún var spurð nánar út í þessi orð gaf hún þá skýringu að hún hefði reiknað með að vera handtekin. Á upptökunni um svipað leyti má heyra lögreglumenn tala sín á milli um það að þetta gangi ekki þar sem mótmælendur komi bara aftur og aftur.
60. Á upptökum má jafnframt sjá hvernig lögreglumenn reyna ítrekað að draga mótmælendur af götunni. Kl. 10:14:55 gefur stjórnandi aðgerða fyrirmæli um að taka upp piparúða og draga fólk burt og halda því í skefjum með piparúðanum og nota hann sem hótun. Í framhaldi af því gefur lögreglan skýr fyrirmæli um það að mótmælendur fari af götunni og lögreglumenn ganga síðan um með piparúða í hendinni sem þeir sýna mótmælendum með áberandi hætti. Einn mótmælenda spyr hvort ætlunin sé að nota þetta og lögreglan svarar því til að þetta verði notað ef þess þarf. Í skýrslutöku af stefnanda Elía Hörpu Önundarsyni fyrir dómi kom fram að það hefði „ekki getað farið framhjá neinum að lögreglan var með úðabrusa í höndum“. Frá því að lögreglumenn ganga um með piparúða meðal mótmælenda og biðja þá um að fara af götunni líða a.m.k. tvær mínútur þar til piparúðanum er beitt.
61. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki fallist á að stefnendur eins og aðrir mótmælendur við Lindargötu hafi ekki getað gert sér grein fyrir því að þeir ættu að fara af götunni. Þá hlaut þeim að vera það ljóst að þeir yrðu fjarlægðir þaðan með piparúða ef þeir myndu ekki hlíta fyrirmælum lögreglu, enda höfðu lögreglumenn bæði gefið það til kynna með orðum og með því að halda úðabrusunum á lofti með áberandi hætti. Tilgangur mótmælenda með því að leggjast í götuna var að koma í veg fyrir að ráðherrar kæmust leiðar sinnar með greiðum hætti. Með því hlutu þeir jafnframt að gera sér grein fyrir að lögregla myndi reyna að fjarlægja þá af götunni, enda hlutverk lögreglu að tryggja að ráðherrarnir kæmust leiðar sinnar á öruggan hátt. Tilraunir lögreglu til þess að flytja mótmælendur af götunni með handafla voru fullreyndar og höfðu ekki skilað árangri. Búið var að gera mótmælendum rækilega grein fyrir því að þeir ættu að halda sig frá götunni enda voru bifreiðarnar að koma hver á eftir annarri með stuttu millibili og breytir engu þó að ein bifreið hafi verið komin fram hjá mótmælendum þegar piparúðanum var beitt. Verður að fallast á að notkun piparúðans hafi við þessar aðstæður verið nauðsynlegur þáttur í mannfjölda-stjórnun þar sem fyrirmælum lögreglu var ekki sinnt og störf hennar tálmuð.
62. Til að koma bílum ráðherranna af fundarstað þurfti að keyra niður Skuggasund og beygja inn Sölvhólgötu. Þar hafði safnast saman nokkur mannföldi við lokunina. Á myndbandsupptökum sem lagðar eru fram af stefnendum sjálfum má sjá tvo lögreglumenn standa með piparúða fyrir framan mótmælendur aftan við stálgrindur þar sem ein ráðherrabifreið bíður eftir að komast í gegn og eiga einhver orðaskipti við

mótmælendur sem ekki er unnt að greina. Þegar tæplega ein og hálf mínúta er liðin, eða kl. 10:18.56 samkvæmt búkmyndavél lögreglu, bætast við fleiri lögreglumenn sem biðja mótmælendur um að fara af götunni og segja að piparúða verði beitt. Lögreglan endurtekur stöðugt að mótmælendur eigi að fara af götunni og reynir að ýta nokkrum þeirra, þ. á m. stefnanda Christu Hlín Lehmann í burt. Christa kemur til baka og tekur sér stöðu beint fyrir framan lögreglumennina fyrir miðri götunni. Kl. 10:19:38 er piparúðanum beitt. Í skýrslutöku fyrir dómi kom fram hjá stefnanda Bergþóru Snæbjörnsdóttur að hún hefði séð lögreglumennina koma askvaðandi með mikinn hávaða. Hún hefði þá snúið sér að konu sem var með barnavagn og beðið hana að forða sér þar sem þeir væru með piparúða. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að stefnendum hafi getað dulist að lögreglan ætlaðist til þess að þau myndu fara af götunni til þess að hleypa bifreið ráðherra fram hjá og að piparúða yrði beitt yrði ekki orðið við því. Stefnendur hafi ekki orðið við tilmælum lögreglu og stefnandi Christa „neitað að færa sig úr vegi“, eins og segir orðrétt í stefnu, og tekið sér stöðu á miðri götunni þrátt fyrir að ítrekað hafi verið reynt að ýta henni frá. Verður ekki fallist á að lögregla hafi farið offari við valdbeitingu með því að beita piparúða við þessar aðstæður eða reyna að fjarlægja stefnanda Christu af götunni með handaflí.

63. Við mat á því hvort vægari aðgerðir hefðu dugað til þess að fjarlægja mótmælendur hefur áður verið rakið að fyrirmæli lögreglu og tilraunir til þess að draga mótmælendur af götunni með handaflí voru fullreyndar og skiluðu ekki árangri. Við aðalmeðferð málsins var einkum nefnt að hægt hefði verið að handtaka mótmælendur og fjarlægja þá með þeim hætti, og þá einkum með vísan til þess að mótmælendur voru tiltölulega fáir og lögreglan búin að fá liðsauka. Upphaflega voru lögreglumenn tíu en stjórnandi lögreglu skýrði frá því fyrir dómi að sex lögreglumenn hefðu bæst við eftir það, en ekki er gott að átta sig á því á upptökum hversu margir lögreglumenn tóku þátt í þessum aðgerðum. Í skýrslutöku fyrir dómi kom fram hjá stjórnanda aðgerða að þessir lögreglumenn hefðu komið eftir að búin var að beita piparúða við Lindargötu og verið við Sölvhólgötu. Við mat á því hvort handtökur hafi verið raunhæfar við þessar aðstæður verður að hafa í huga að þó mótmælendur hafi ekki verið fjölmennir dreifðust þeir á tvö svæði og auk þess þurfti lögregla að hafa eftirlit með þriðja svæðinu. Í skýrslu lögreglu kemur fram að upplýsingar hafi borist um að mótmælendur væru að skipuleggja að fara inn fyrir lokanir og hindra ráðherra í að komast út. Hvað sem því líður verður lögregla við mat á áhættu alltaf að reikna með þeim möguleika að atburðarásin kunni að taka aðra stefnu og þá um leið haga viðbúnaði sínum eftir því. Það var mat þeirra lögreglumanna sem gáfu skýrslu fyrir dómnum að þeir hefðu verið of fáir og það kemur einnig fram í samtölum þeirra á vettvangi. Í skýrslu stjórnanda kemur fram að þeir hefðu handtekið einhverja aðila ef þeir hefðu haft nægan mannafla, en í ljósi aðstæðna hefði verið fyrirséð að þeir hefðu ekki mannafla til að ljúka slíkri aðgerð.
64. Eins og áður hefur komið fram voru aldrei færri en fimm mótmælendur liggjandi á götunni þegar bifreiðarnar komu að sækja ráðherrana og á einu myndskeiði má sjá níu mótmælendur liggja á götunni auk þess sem nokkrir til viðbótar standa þar og torvela umferð. Þá hefur áður verið rakið að lögregla þurfti að auki að vera með viðbúnað við aðrar lokanir og vera tilbúin til þess að bregðast við ef lokanir yrðu ekki virtar. Í skýrslutöku af stjórnanda aðgerða fyrir dómi kom fram að til að handtaka mann þurfti tvo lögreglumenn og þeir hefðu ekki haft mannskap til þess. Verður að fallast á að það hafi ekki verið raunhæfur kostur fyrir lögregluna að fara í handtökur við þessar aðstæður enda þörf á lögreglumönnum annars staðar. Að auki verður að játa lögreglumönnum nokkurt svigrúm til þess að meta hvort þeir telji sig hafa nægan mannafla til að ráðast í handtökur og hvort líklegt sé að þær skili árangri eða kunni að auka á spennustigið þegar ekki er farið eftir ítrekuðum fyrirmælum þeirra og ljóst að vægari úrræði eins og að reyna að draga fólk burt skila ekki árangri.
65. Við aðalmeðferð málsins var jafnframt vísað til þess að hægt hefði verið að komast hjá því að keyra bifreiðarnar þar sem mótmælendurnir stöðu og aka ráðherrunum burt með því að fara með þá út um bakdyr og út á bílastæði fyrir aftan húsnæðið. Í skýrslutöku fyrir dómi skýrði stjórnandi aðgerða frá því að þessi kostur hefði verið metinn og ekki talinn álitlegur. Það hefði legið fyrir að mótmælendur færðu sig á milli svæða, og það hefði verið talinn miklu lakari kostur að mæta þeim á opnu bílaplani sem lokað var með rafmagnshliði. Hann hefði ekki talið ráðlegt að reyna að verja bifreiðarnar með þann mannskap sem lögreglan hafði yfir að ráða við þær aðstæður. Verður að fallast á að þetta mat lögreglu hafi stuðst við

málefnaleg sjónarmið auk þess sem það verður að játa lögreglu nokkurt svigrúm til þess að meta hvaða valkostur sé heppilegastur í aðstæðum sem þessum.

66. Þá verður ekki fallist á að brotnar hafi verið reglur nr. 1740/2022 um notkun úðavopna, svo sem að þeir sem beittu piparúða hafi ekki fengið þjálfun í notkun þeirra eins og kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. Af myndbandsupptökum má sjá að ekki beita allir lögreglumenn viðstaddir piparúða. Í skýrslutöku af stjórnanda aðgerða fyrir dómi kom fram að sumir þeirra hefðu ekki mikla reynslu þó þeir hefðu fengið þjálfun og þeir hefðu ekki verið að nota piparúða. Þá staðfestu lögreglumenn í skýrslutökum fyrir dómi að þeir hefðu fengið þjálfun í lögregluskólanum í notkun piparúða. Allir viðstaddir lögreglumenn uppfylltu því skilyrði reglnanna um þjálfun þó að hún væri vissulega mismikil og reynsla þeirra ólík.
67. Samkvæmt 11. gr. reglna nr. 1740/2022 er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu. Fyrir liggur að heimild til að nota kylfur hafði verið veitt. Áður hefur verið rakið að við áhættumat um viðbúnað lögreglu verður að taka mið af því hvað hugsanlega geti gerst. Verður ekki talið að það hafi verið gengið of langt í viðbúnaði lögreglu að hafa heimild til reiðu til að nota kylfur og þar með úðavopn til að tryggja stjórn lögreglu á aðstæðum í umrætt sinn. Þá skiptir máli við mat á meðalhófi að umræddur piparúði sem er notaður við mannfjöldastjórnun er talsvert vægari en sá sem notaður er til þess að yfirbuga einstakling í návígi og að kallað var á sjúkrabíl til að vera til taks ef til þess kæmi að beita þyrfti piparúðanum. Í skýrslutökum yfir stjórnanda aðgerða kom fram að þetta væri varnarúði sem væri fjórfalt veikari en svokallaður „take down“ vökví sem er notaður til að yfirbuga árásarmenn. Loks verður ekki fallist á að lögregla hafi verið að nota piparúða í nálægð ungra barna. Í skýrslu stjórnanda aðgerða fyrir dómi kom fram að hann hefði verið meðvitaður um barnavagninn og á myndbandsupptökum má sjá að umræddur barnavagn er kominn frá götunni upp á gangstétt í áttina frá þeim stað þar sem piparúðanum var beitt.
68. Þá skiptir máli við mat á meðalhófi að mótmælendur voru ekki hindraðir í því að halda mótmælum áfram heldur fólust afskipti lögreglu í því að biðja mótmælendur um að færa sig örfá skref. Aðkoma lögreglu laut því ekki að því að stöðva mótmælin heldur einvörðungu að því að halda leið ráðherra opinni til og frá fundarstað. Mótmælendur reyndu hins vegar ítrekað að koma í veg fyrir það og fóru ekki að fyrirmælum lögreglu, eins og áður hefur verið rakið.
69. Af myndböndum og skýrslutöku af stjórnanda aðgerða og annarra lögreglumanna fyrir dómi má ráða að hann hafi einn farið með stjórn aðgerða á vettvangi og tekið ákvarðanir um notkun piparúðans. Við það mat er ekkert óeðlilegt að hann hlusti á sjónarmið samstarfsmanna sinna áður en endanleg ákvörðun er tekin. Þá verður ekki talið að neinn aukinn miski hafi hlotist af viðtali stjórnanda aðgerða við fjölmiðla. Fjölmiðlar höfðu eðlilega áhuga á mótmælunum, ekki síst af því að valdbeitingu var beitt. Það er eðlilegur hluti af störfum lögreglu að gera grein fyrir stöðu mála og verður ekki fallist á að sú umfjöllun hafi verið umfram það sem gengur og gerist og búast mátti við.
70. Við aðalmeðferð málsins, bæði í skýrslutökum og í málflutningi, var nokkuð gert úr huglægrri afstöðu lögreglumanna með vísan til samtala þeirra í milli á bókmyndavélum. Undir rekstri málsins hafði dómari nýtt sér heimild 2. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 til að beina því til stefnda að leggja fram myndbandsefni úr umræddum bókmyndavélum. Sú beiðni var byggð á því að þessar upplýsingar gætu varpað ljósi á atvik máls og upplýst um samskipti lögreglumanna við mótmælendur. Tilgangurinn var ekki sá að hlusta á samtöl milli lögreglumanna sjálfra, enda hafa þau takmarkaða þýðingu varðandi úrlausnarefnið. Á það sérstaklega við um aðra lögreglumenn en stjórnanda aðgerðanna. Við mat á orðaskiptum verður einnig að hafa í huga hvernig þau eru tjáð, í hvaða samhengi, hvert var tilefni þeirra og tilgangurinn með þeim svo og aðstæður að öðru leyti. Á myndbandsupptökum má sjá hvernig mótmælendur slá viðstöðulaust í stálgrindurnar þar sem lögreglumennirnir standa og lemja trommur með tilheyrandi hávaða. Þá eru lögreglumennirnir m.a. kallaðir, aumingjar, fucking svín, fasistar og morðingjar af fólki úr hópi mótmælenda.
71. Stefnendur tiltaka fimm ummæli sem þau telja að sýni sláandi afstöðu lögreglumanna til mótmælenda. Þessi ummæli eru eftirfarandi:

- 1) „Þeir voru nú eiginlega búnir að biðja um það nokkrir. Það er líf og fjör.“
- 2) „Verður ekki bara að gasa fólkið sem er hérna fyrir neðan?“

- 3) „Ég held að það hafi fengið smá lexíu.“
- 4) „Leiðinlegt að hafa misst af þessu.“
- 5) „Ert þú með nóg að gasi. Við þurfum að taka fund greinilega.“

Ummæli sem merkt eru nr. 1 4 og 5 eru á milli lögreglumanna eftir að búið er að beita piparúðanum og tvenn þeirra raunar eftir að atburðarásinni er endanlega lokið. Um er að ræða samstarfsmenn sem eru að ræða sín á milli eftir að hafa staðið í mjög krefjandi aðstæðum. Þegar hlustað er á þessi ummæli er ekki hægt að merkja að mikil alvara sé á bak við þau. Það er þekkt að einstaklingar undir álagi beiti mismunandi aðferðum við að draga úr streitu og verða lögreglumenn eins og aðrir að geta rætt sín á milli af vissu alvöruleysi án þess að þau orðaskipti séu tekin of bókstaflega.

72. Ummæli sem merkt eru nr. 2 og 3 eru á milli stjórnanda lögregluáðgerða og starfsmanns embættis ríkislögreglustjóra. Eftir að fyrri samskiptin sem merkt eru nr. 2 eiga sér stað gefur stjórnandi áðgerða fyrirmæli til lögreglumanna um að það þurfi „hugsanlega að beita piparúða til að koma fólki í burtu“. Í framhaldi af því fer stjórnandi áðgerðanna ásamt nokkrum lögreglumönnum að lokuninni við Sölvhólsstötu. Þegar hann nálgast lokunina spyr einn lögreglumanna sem þar er staðsettur hvort það eigi að beita piparúða og stjórnandi áðgerða svarar að það eigi að láta fólkið fara burt. Í framhaldi af því gefur hann ítrekuð fyrirmæli um að mótmælendur fari af götunni, annars verði piparúða beitt. Þegar þessi samskipti eru virt í heild sinni verður ekki dregin sú ályktun að þau gefi til kynna að lögregla hafi ekki metið þörf eða nauðsyn til að beita piparúða áður en það var gert. Ummæli um að fólk hafi „fengið smá lexíu“ lætur stjórnandi áðgerðanna falla eftir að atburðarásin er um garð gengin og þau skipta engu máli. Verður ekki fallist á að samskipti milli lögreglumanna gefi til kynna að huglæg afstaða þeirra til mótmælenda hafi ráðið för í samskiptum þeirra við mótmælendur á vettvangi. Það sem skiptir máli er ekki hvað var sagt í samtölum milli lögreglumanna heldur hvað var gert og hvort þær áðgerðir hafi verið nauðsynlegar og í samræmi við meðalhófsreglur.
73. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að valdbeiting lögreglu hafi verið saknæm og ólöglegt á vettvangi mótmæla umræddan dag. Hún hafi verið nauðsynleg til að tryggja lögbundið hlutverk lögreglu og ekki brotið gegn reglum um meðalhóf. Skilyrði miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eru því ekki fyrir hendi og verður öllum kröfum stefnenda um greiðslu miskabóta hafnað.
74. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.
75. Oddur Ástráðsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur og Sonja Hjördís Berndsen lögmaður fyrir stefnda.
76. Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Málinu var úthlutað til dómara 9. október sl.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnenda, Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Christu Hlínar Lehmann, Daníels Þórs Bjarnasonar, Elía Hörpu Öundursonar, Leu Maríu Lemarquis, Nereu Enriquez Santos, Péturs Eggerz Péturssonar, Qussay Odeh og Steinunnar Lukku Sigurðardóttur.

Málskostnaður fellur niður.